

Atvinnuvegaráðuneytið
Almanna- og réttaröryggi
atr@atr.is

Reykjavík, 21. október 2025

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, mál í samráðsgátt nr. 192/2025

1. Inngangur

Samorka tekur undir markmið og tilgang frumvarps til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu. Það er brýnt að tryggja að fjárfestingar erlendra aðila í innlendum fyrirtækjum, auðlindum og innviðum ógni ekki þjóðaröryggi eða allsherjarreglu. Slíkt regluverk er mikilvægt til að samræma íslenskt lagaumhverfi því sem gildir í öðrum EES- og OECD-rikkjum, og stuðlar jafnframt að trausti og fyrirsjáanleika í alþjóðlegum viðskiptum.

Þrátt fyrir þetta telur Samorka ástæðu til að gera athugasemdir við umfang frumvarpsins og áhrif þess á þau fyrirtæki sem annast rekstur mikilvægra innviða, sérstaklega á sviði orkuframleiðslu, dreifi- og flutningskerfa raforku, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Frumvarpið, eins og það liggur fyrir er yfirgripsmikið og getur haft í för með sér tafir, aukinn kostnað og óvissu við fjármögnun og erlent samstarf í rekstri innviðafyrirtækja.

2. Gildissvið og áhrif á innviðafyrirtæki

Í 3. gr. frumvarpsins eru skilgreind „viðkvæm svið“ sem rýni nær til. Þar undir falla m.a. orkuframleiðsla, dreifikerfi raforku, hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur. Það þýðir að nánast öll starfsemi aðildarfyrirtækja Samorku telst falla undir viðkvæm svið.

Þegar um er að ræða svo víðtækt gildissvið, er mikilvægt að skilgreina betur umfang og inntak tilkynningarskyldu, svo ljóst sé hvaða samningar eða samstarf teljast raunverulega geta haft áhrif á þjóðaröryggi. Eins og frumvarpið er fram sett nær það til fjölda aðstæðna þar sem engin slík áhætta er til staðar — t.d. endurfjármögnunar lána, samninga við þekkta erlenda birgja eða rannsóknarverkefna sem tengjast nýsköpun eða tækniþróun og varða ekki viðkvæma þætti í starfsemi fyrirtækja.

Samkvæmt 5. gr. ber að tilkynna ráðherra um gerð ákveðinna samninga milli innlendra rekstraraðila á viðkvæmum sviðum og erlendra aðila. Þar á meðal eru láncsamningar eða fjármögnunarsamningar, viðskiptasamningar, t.d. birgjasamningar, þjónustu-, byggingar- og rekstrarsamningar og samstarfs- og rannsóknarsamningar.

Það eru hins vegar nokkuð ólík skilyrði um það hvenær framangreindir samningar eru tilkynningaskyldir. Þannig er varðandi láns- eða fjármögnunarsamninga skilyrði um tímalengd eða

ákveðna lágmarksfjárhæð og varðandi birgjasamninga er skilyrði um tímalengd samnings eða áhrif á innlenda rekstraraðilann.

Í umfjöllun um láns- eða fjármögnunarsamninga í 1. tl. er enginn fyrirvari eða skilyrði um að erlendi aðilinn eignist eða hafi áhrif, stjórn, umráð eða nýtingarrétt á starfsemi sem fellur undir viðkvæm svið.

Í a.-lið 3. tl. 5. gr. er fjallað um samstarfsverkefni um rannsóknir eða þróunarstarfsemi. Í því ákvæði eru einu skilyrðin fyrir tilkynningarskyldu að erlendi aðilinn hafi rétt til að taka úrslitaákvörðun um tilhögun eða viðfangsefni samstarfsins eða rétt til að nýta sér afurðir þess. Varðandi slíka samninga er því enginn fyrirvari eða krafa um að slíkur samningur varði mikilvæga þætti í starfsemi innlenda aðilans eða hafi yfir höfuð einhver áhrif á rekstur eða starfsemi hans.

Sama á við um c.-lið 3. tl. 5. gr. þar sem fjallað er um rekstar-, hönnunar-, byggingar- eða þjónustusamninga sem lúta að mikilvægum mannvirkjum, aðstöðu, búnaði eða kerfum rekstraraðila mikilvægra innviða. Hér sömuleiðis er enginn fyrirvari um að slíkur samningur hafi eða geti haft einhver áhrif á viðkvæma þætti í starfsemi eða rekstri innlenda aðilans.

Í 3. mgr. 5. gr. er vísað til þess að ráðherra hafi heimild til að ákveða í reglugerð að samningar skv. 3. tl. 1. mgr. skuli sjálfkrafa undanþegnir tilkynningarskyldu. Það er auðvitað vel að hægt sé að veita slíkar almennar undanþágur en mikilvægt að reglugerð þess efnis komi fljótt fram og nái til þekktra birgja- og samstarfsaðila innlendra rekstraraðila sem ekki stafar nein hætta af. Þá má benda á hvort ekki sé eðlilegt að heimild ráðherra til að kveða á um undanþágu í reglugerð nái einnig til 1. og 2. tl. 3. gr. þannig að ráðherra geti t.d. undanþegið lánssamninga frá fjármálafyrirtækjum á EES-svæðinu og evrópskum og alþjóðlegum stofnanaböndum svo einhver dæmi séu nefnd.

Miðað við núverandi gildissvið munu nánast öll viðskipti innviðafyrirtækja við erlenda aðila vera háð tilkynningarskyldu samkvæmt lögunum. Er hér um fjölda samninga að ræða, misjafnir að stærð og gerð og mikilvægi í rekstri hins innlenda aðila.

Afleiðingin getur orðið sú að venjubundin og örugg viðskipti verði tilkynningarskyld, sem leiðir til aukins kostnaðar, hættu á töfum í rekstri og fjármögnun og hefur fælingaráhrif á erlenda samstarfsaðila og fjárfesta.

3. Lokaorð

Samorka styður meginmarkmið frumvarpsins um vernd þjóðaröryggis og mikilvægra innviða. Hins vegar verður að gæta þess að lagasetningin verði ekki of víðtæk né íþyngjandi fyrir þau fyrirtæki sem þegar starfa undir ströngu opinberu eftirliti og sinna samfélagslega mikilvægri þjónustu. Kostnaður vegna slíkra aðgerða lendir á endanum á almenningi og fyrirtækjum sem greiða gjöld samkvæmt lögbundnum gjaldskráum fyrir þjónustu veitufyrirtækja.

Frumvarpið þarf að tryggja raunhæft jafnvægi milli öryggishagsmuna og rekstrarlegs stöðugleika. Ef það tekst ekki, er hætta á að reglurnar verði til þess að tefja fjárfestingar, flækja rekstur innviðafyrirtækja og draga úr alþjóðlegu samstarfi sem er lykilforsenda fyrir áframhaldandi orkuumbreytingu og grænni þróun á Íslandi.

Samorka leggur því til að frumvarpið verði endurskoðað með hliðsjón af þessum sjónarmiðum áður en það verður lagt fyrir Alþingi.

Samorka tekur undir og er einnig undirritunaraðili að umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarpið og vísar jafnframt til umsagna aðildarfyrirtækja sinna.

Samorka þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um áformin og óskar eftir góðu samstarfi við stjórnvöld um áframhaldandi vinnslu málsins.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur